LV-2013-115

Landsvirkjun



# Afkomu- og hraðamælingar á Langjökli

## Jökulárið 2011-2012

## Lykilsíða

Landsvirkjun

**Skýrsla LV nr:** LV-2013-115 **Dags:** 10-10-2013

**Fjöldi síðna:** 24 **Upplag:** 4 **Dreifing:** ☒ Birt á vef LV ☒ Opin ☐ Takmörkuð til

**Titill:** Afkomu- og hraðamælingar á Langjökli jökulárið 2011-2012

**Höfundar/fyrirtæki:** Finnur Pálsson, Sverrir Guðmundsson og Helgi Björnsson

**Verkefnisstjóri:** Andri Gunnarsson

**Unnið fyrir:** Landsvirkjun

**Samvinnuaðilar:** Jarðvísindastofnun Háskólans

**Útdráttur:** Afkoma Langjökuls á jökulárinu 2011-2012 var neikvæð um 0.47 m (vatnsgildi, jafndreift yfir allan jökulinn; ~880 km2). Rýrnun þessa árs er þó aðeins 40% þess sem verið hefur að meðatali mælitímabilið (frá 1996-97). Afkoma Langjökuls hefur verið neikvæð öll þau 16 ár sem hún hefur verið mæld, samtals um 22.8 m að vatnsgildi jafndreift yfir jökulinn eða ísþynning um 25.3 m. Á þessu 16 ára tímabili hefur Langjökull tapað um 11.5 % rúmmáls síns. Vetrarafkoman mældist 2.34 m sem er um 35% yfir meðallagi, mesti vetrarsnjór sem mælst hefur. Þrátt fyrir þykkan vetrarsnjóinn varð sumarleysing um 96% af meðaltali mælitímabilsins (2.9 m). Sumarið var sólríkt á Langjökli og lofthiti sumars nærri meðallagi mælitímans. Þetta ár voru fyrningar eftir jökulárið á um 44 % yfirborðsins; hæð jafnvægislínu suðurhluta jökulsins 1050 m en 1235 m á norðurhvelinu. Afrennsli leysingarvatns frá jöklinum var um 80 m3s-1 eða 91 ls-1km-2 að jafnaði yfir árið.

**Lykilorð:** jöklar, Langjökull, afkoma, leysing, hraðamælingar

**ISBN nr:**

**Samþykki verkefnisstjóra Landsvirkjunar**

Andri Gunnarsson

# Afkomu- og hraðamælingar á Langjökli jökulárið 2011-2012

Finnur Pálsson
Sverrir Guðmundsson
Helgi Björnsson

Jarðvísindastofnun Háskólans
og Landsvirkjun

október 2013
RH-20-2013

**Efnisyfirlit**:

1. Inngangur 1
2. Afkomumælingar 2
3. Samandregnar niðurstöður afkomumælinga 3
4. Afrennsli leysingarvatns frá Langjökli 5
5. Hraðamælingar 7
6. Lokaorð 8

**Viðaukar:**

A. Afkoma í mælipunktum jökulárið 2011-2012 10
B. Dreifing afkomu með hæð jökulárið 2011-2012 11
C. Hnit hraðamælipunkta 2012, lega yfirborðshæðarsniða 12
D. Mældur láréttur yfirborðsskriðhraði 2012 14
E. Afrennsli leysingar sumarið 2012 15
F. Modis gervihnattamyndir af Langjökli og nágrenni 2011-12 21

**Myndir:**

1. mynd. Lega afkomumælipunkta 2012. 1
2. mynd. Vetrar-, sumar- og ársafkoma í mælipunktum. 2
3. mynd. Afkoma á mælisniðum. A: Frá sporði Vestari Hagafellsjökuls. upp á hábungu suðurhvels Langjökuls. B: Frá sporði upp á hábungu norðurhvels Langjökuls (norðvestur hluti jökulsins). 2
4. mynd. Afkoma jökuláranna 1996-97 til 2011-2012. 3
5. mynd. Sumarhiti (maí - september) og vetrarúrkoma (október - maí) á Hveravöllum jökulárin 1960-61 til 2011-2012. Heildregnu línurnar eru 11 ára vegin (þríhyrningur) keðjumeðaltöl. (Veðurgögn frá Veðurstofu Íslands). 3
6. mynd. Kort sem sýna vetrar-, sumar- og ársafkomu Langjökuls jökulárið 2011-2012. 4
7. mynd. Flatardreifing Langjökuls með hæð og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð, 2011-2012. 4
8. mynd. Samhengi ársafkomu og: **a**. vetrarafkomu, **b**. sumarafkomu, **c**. hæð jafnvægislínu, **d**. hlutfalls safnsvæðis af heildarflatarmáli (AAR). 5
9. mynd. Helstu vatnasvið og vatnaskil á Langjökli. 6
10. mynd. Meðaltal ársafrennslis leysingarvatns frá vatnasviðum helstu vatnsfalla frá Langjökli 1997-2012. a: Vatnasvið Þingvallavatns (I); b: Vatnasvið Þingvallavatns (II); c: Hvítá í Borgarfirði; d: Hvítárvatn, Hvítá; e: Hagavatn, Sandvatn. 6
11. mynd. Þversnið niður miðjan Hagafellsjökul vestari og mældur yfirborðshraði á því sniði sumurin 1997, 1998, 1999, 2000, 2001 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2011, 2012 og einnig haustið 1998. 8
12. mynd. Meðaltal lárétts yfirborðsskriðhraða sumarið 2012. 8

**Töflur:**

I. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli til helstu vatnasviða. 7

# 1. Inngangur.

Árið 2012 vann jöklahópur Jarðvísindastofnunar að afkomumælingum á Langjökli í samvinnu við Landsvirkjun. Í þriðju viku apríl var vetrarafkoma mæld á 23 stöðum á jöklinum og komið fyrir stikum eða vírum til að mæla sumarleysingu. Einnig voru settar upp veðurstöð við mælistað L05 á Hagafellsjökul vestari og veðurstöð í L01 lagfærð, en hún er nú í rekstri allr árið. Grein verður gerð fyrir niðurstöðum veðurmælinganna annars staðar. Á 1. mynd sést lega mælipunkta, sem dreift var þannig að sem best mynd fengist af breytileika afkomu frá norðri til suðurs eftir jöklinum og á suðurhveli jökulsins. Hreyfing var mæld með Kinematic-GPS í öllum afkomumælinga punktunum, auk þess sem yfirborðshæðarsniðum var safnað með Kinematic-GPS mælinum bæði vor og haust í akstursleiðum milli mælipunkta.

Að vormælingum 24-27. apríl unnu Andri Gunnarsson, Sveinbjörn Steinþórsson, Þorsteinn Jónsson og Hlynur Skagfjörð Pálsson. Farartæki var snjóbíll HSSR og einn vélsleði Landsvirkjunar.

Haustmælingar voru unnar í 2.-3. október (Sverrir Guðmundsson, Þorsteinn Jónsson, Sveinbjörn Steinþórsson, Andri Gunnarsson og Hlynur Skagfjörð Pálsson), farartæki snjóbíll HSSR.

Finnur Pálsson vann úrvinnslu og túlkun mæligagna.




*1. mynd. Lega afkomumælipunkta 2012.*

## 2. Afkomumælingar.

Afkoma var mæld á hefðbundinn hátt. Að vori var tekinn kjarni með rafknúnum kjarnabor niður gegnum árlagið og eðlismassi snævarins fundinn. Á ákomusvæðum voru settar plaststikur en á leysingarsvæðum vírar niður í holur sem boraðar voru með gufubor. Sumarleysing fannst með mælingu á mismun þess sem upp úr stóð vor og haust og eðlismassa fyrninga.

Niðurstöður afkomumælinga í einstökum mælipunktum eru sýndar á 2. mynd og viðauka A. Á 3. mynd er afkomusnið frá sporði V-Hagafellsjökuls upp á miðja suðurbungu jökulsins og einnig frá sporði upp hábungu norðurhvels Langjökuls.




*2. mynd. Vetrar-, sumar- og ársafkoma í mælipunktum.*




*3. mynd. Afkoma jökulárið 2011-12 á mælisniðum. A: Frá sporði Vestari Hagafellsjökuls upp á hábungu suðurhvels Langjökuls. B: Frá sporði upp á hábungu norðurhvels Langjökuls (norðvestur hluti jökulsins). Meðaltal mælitímabilsins 1996-97 til 2009-11 er sýnt með brotnum línum og staðalfrávik mæliraðar í hverjum punkti með láréttum línum.*

## 3. Samdregnar niðurstöður afkomumælinga.

Eftir mæligildum í afkomumælipunktunum voru gerð stafræn kort til reikninga á rúmmáli afkomu og til að lýsa sumarleysingu á einstökum vatnasviðum. Heildarafkoma Langjökuls 2011-2012 var:

$B_w$ = **2.044** km$^3$ eða $b_w$ = **2334** mm
$B_s$ = **-2.516** km$^3$ eða $b_s$ = **-2872** mm
$B_n$ = **-0.472** km$^3$ eða $b_n$ = **-542** mm
(**B** er heildarrúmmál vatnsgildis, en **b** þykkt vatnsgildis Jafndreift yfir jökulinn, w, s og n stendur fyrir vetur, sumar og ár).

Til samanburðar voru gildi fyrri ára:

| | $b_w$ | $b_s$ | $b_n$ (mm) |
|---|---|---|---|
| 1996-1997 | 1900 | -3200 | -1300 |
| 1997-1998 | 1120 | -2820 | -1700 |
| 1998-1999 | 1502 | -2270 | -768 |
| 1999-2000 | 2130 | -2880 | -750 |
| 2000-2001 | 1273 | -2550 | -1271 |
| 2001-2002 | 1566 | -3222 | -1656 |
| 2002-2003 | 2105 | -4051 | -1946 |
| 2003-2004 | 1789 | -3276 | -1487 |
| 2004-2005 | 1617 | -2511 | -894 |
| 2005-2006 | 1690 | -2970 | -1279 |
| 2006-2007 | 1647 | -3058 | -1411 |
| 2007-2008 | 1999 | -3840 | -1842 |
| 2008-2009 | 2024 | -2386 | -362 |
| 2009-2010 | 1105 | -4910 | -3805 |
| 2010-2011 | 1754 | -2938 | -1184 |
| ***Meðaltal$_{(97-12)}$*** | ***1722*** | ***-3109*** | ***-1387*** |




*4. mynd. Afkoma jökuláranna 1996_97 til 2011_12.*




*5. mynd. Sumarhiti (maí - september) og vetrarúrkoma (október - maí) á Hveravöllum jökulárin 1960-61 til 2011-2012. Heildregnu línurnar eru 11 ára keðjumeðaltöl (þríhyrnings-vægi). Veðurgögn eru frá Veðurstofu Íslands.*

Vetrarsnjór veturinn 2011-12 á Langjökli var sá mesti sem mælst hefur, um 35% yfir meðallagi (myndir 3. og 4), í nær öllum mælipunktum er frávik frá meðatali nærri einu staðalfráviki. Ofan um 600 m hæða var vetrarlagið þykkara en önnur ár nema ofan 1400 m á hákolli suðurjökulsins (sjá 3.mynd mælistaður L08), en þaðan hefur skafið af niður á lægri svæði jökulsins (sjá 3. mynd, L07 og L06). Þetta bendir til að talsvert hafi snjóað í köldum norðanáttum (röð gervitungla-mynda í viðauka F. bendir einnig til þess). Mest allan veturinn er þó snjólítið eða snjólaust á hálendinu umhverfis jökulinn nema helst norðan

hans, en þar liggur landið hæst. Á 5. mynd er vetrarafkoma Langjökuls sýnd ásamt uppsafnaðri úrkomu á Hveravöllum (mælingar Veðurstofu Íslands). Ekki er einfalt samband milli úrkomu á Hveravöllum og vetrarafkomu Langjökuls (5. mynd); hitastig þegar úrkoma fellur og úrkomuáttir skipta miklu máli. Að öllu jöfnu dregur þykkur vetrarsnjór mjög úr leysingu, hvítt yfirborðið endurkastar stærstum hluta sólgeislunar. En sumarið 2012 barst gosaska frá Suður og Suðausturlandi inn yfir Langjökul strax í júníbyrjun (sjá viðauka F). Þunn öskuslykjan jók mjög á gleypni yfirborðsins á geislun frá sólu um allan jökulinn og olli aukinni leysingu. Sumarið var fremur sólríkt á Langjökli, samanlagt varð þetta til þess að sumarleysing varð mjög nærri meðallagi, þrátt fyrir þykkann vetrarsnjó.

Meðalsumarhiti á Hveravöllum (maí – september) var 5.48 °C, sem er rétt undir meðaltali áratuginn á undan, en 1 °C hlýrra en sumarið 2011. (5. mynd).

Þó sumarleysing hafi verið nærri meðallagi var ársafkoman sú næstbesta frá því mælingar hófust, rýrnun aðeins 40% þess sem verið hefur að jafnaði frá 1996-97. Án öskunnar hefði afkoma jökulsins líklega verið jákvæð. Á 6. mynd eru sýnd stafræn kort af afkomu Langjökuls 2011-2012. Á 7. mynd er flatardreifing Langjökuls með hæð og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð. Flatardreifingar eru unnar eftir nýju yfirborðskorti Langjökuls fyrir árið 2012 sem byggt er á korti unnu eftir SPOT5-HRS gervitunglamyndum frá ágúst 2012, lagað eftir GPS hæðarsniðum sem mæld voru vítt og breytt um jökulinn 2011 og 2012.




*6. mynd. Kort sem sýna vetrar-, sumar- og ársafkomu Langjökuls jökulárið 2011-2012.*




*7. mynd. Flatardreifing Langjökuls með hæð (yfirborð 2012) og uppsöfnuð dreifing afkomu með hæð, 2011-2012.*




*8. mynd. Samhengi ársafkomu og:* **a**. *vetrarafkomu,* **b**. *sumarafkomu,* **c**. *hæð jafnvægislínu,* **d**. *hlutfalls safnsvæðis af heildarflatarmáli (AAR).*

Á 8. mynd er sýnt samband milli ársafkomu og: a. vetrar-afkomu, b. sumarafkomu, c. Hæð jafnvægislínu (ELA) og d. hlutfalls safnsvæðis af heildar-flatarmáli jökulsins (AAR). Samhengi milli þessara stærða má nálga með beinni línu eins og sýnt er á myndunum. Þetta samband má nota til að nálgast gildi ársafkomu ef ELA eða AAR er þekkt, t.d. fundið með myndatöku úr lofti eða utan úr geimnum. Við mat bestu beinu línu fyrir ELA og AAR er árinu 2009-2010 sleppt; þá voru engar fyrningar, flatarmál safnsvæðis 0). Þessar einföldu nálganir benda til að AAR væri nærri 55% og hæð jafnvægislínu á sunnanverðum jöklinum um 1000 m ef Langjökull væri í jafnvægi miðað við núverandi lögun (heildarársafkoman væri 0). Af mynd 8 a og b má ráða að til að halda jafnvægi við núverandi lögun (ársafkoma=0) þyrfti vetrarafkoma og sumarleysing að vera rétt tæpir 2 m.

Afkoma Langjökuls hefur verið neikvæð allan tímann sem hún hefur verið mæld, frá 1996-97. Samtals hefur jökullinn á 16 árum rýrnað um 22.8 m eða 19.8 $km^3$ (vatnsjafngildi). Þetta svarar til 22.0 $km^3$ af ís, sem er 11.5 % rýrnun rúmmáls alls jökulsins eða 0.72 % ári.

## 4. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli.




*9. mynd. Helstu vatnasvið og vatnaskil á Langjökli. Vatnsvæði Þingvallavatns er afmarkað á tvo vegu, I og II, sjá texta.*

Jökulleysing skilaði að jafnaði 190 $m^3/s$ frá Langjökli tímabilið 1. maí til 30. september 2012, eða 80 $m^3/s$ jafnað yfir heilt ár. Frá jöklinum runnu því að jafnaði um 91 $ls^{-1}km^{-2}$ af jökulbráð. Til mats á heildarafrennsli frá jöklinum þarf að bæta við regni sem fellur á hann og rennur af honum.

Einstök vatnasvið á jökli hafa verið afmörkuð eftir korti af mætti vatns við jökulbotn. Vatnaskil við jökulrönd voru ákvörðuð eftir kortum Landmælinga Íslands og loftmyndum. Vatnaskilin eru sýnd á 9. mynd. Vatnasvið Þingvallavatns var afmarkað á tvo vegu. Annars vegar voru vatnaskil á sporði vestari Hagafellsjökuls ákvörðuð út frá rennsli í ám sem greinilega sjást á kortum og flugmyndum (kallað vatnasvið Þingvallavatns (I)). Hins vegar voru dregin vatnaskil nokkru austar (brotin lína á 9. mynd) upp frá jökuljaðrinum að tillögu Freysteins Sigurðssonar, Orkustofnun, en vatnaskil undir jökli dregin með sömu aðferðum og fyrir önnur vatnaskil (vatnasvið Þingvallavatns (II)). Reiknað var sumarleysingavatn frá jöklinum til nokkurra vatnasviða:




*10. mynd. Meðalársafrennsli leysingarvatns frá vatnasviðum helstu vatnsfalla frá Langjökli 1997-2012. a: Vatnasvið Þingvallavatns (I); b: Vatnasvið Þingvallavatns (II); c: Hvítá í Borgarfirði; d: Hvítárvatn, Hvítá; e: Hagavatn, Sandvatn.. Meðalársafrennsli leysingar allt tímabilið er sýnt með brotinni línu.*

Hagavatns og Sandvatns (eystra), vatnasviðs Þingvallavatns, Hvítár í Borgarfirði og Hvítárvatns, Hvítár í Árnessýslu. Í töflu I. eru settar fram tölur um leysingavatn sumurin 1997 til 2011. Meðalafrennsli á flatareiningu sumarið 2012 var lítillega breytilegt milli vatnasviða, um 84-93 $ls^{-1}km^{-2}$, hæst á austanverðum jöklinum.
Töflur um afrennsli frá helstu vatnsviðum eftir hæðarbilum eru í viðauka E.
Meðalafrennsli á flatareiningu hefur verið á bilinu 71-158 $ls^{-1}km^{-2}$ frá því mælingar hófust 1997. Meðalafrennsli á flatareiningu vegna leysingar sumarsins 2012 var 91 $ls^{-1}km^{-2}$. Á 10. mynd er sýndur breytileiki meðal-ársafrennslis leysingarvatns $Q_a$. Meðalársafrennsli leysingar allt tímabilið (10. mynd brotin lína) er: a: Vatnasvið Þingvallavatns (I) 10.0 $m^3s^{-1}$ ; b: Vatnasvið Þingvallavatns (II) 13.3 $m^3s^{-1}$; c: Hvítá í Borgarfirði 29.1 $m^3s^{-1}$; d: Hvítárvatn, Hvítá 29.2 $m^3s^{-1}$; e: Hagavatn, Sandvatn 19.7 $m^3s^{-1}$.

## Tafla I. Afrennsli leysingavatns frá Langjökli til helstu vatnasviða.

| Ár: | A ($km^2$) 96-06 | 07 | 12 | $\Sigma Q_s$ ($10^6m^3$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | **12** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A** | 100 | 95 | 91 | 284 | 326 | 248 | 277 | 269 | 351 | 390 | 355 | 262 | 298 | 312 | 366 | 271 | 496 | 294 | **258** |
| **B** | 146 | 139 | 135 | 326 | 435 | 331 | 377 | 357 | 456 | 526 | 467 | 353 | 394 | 425 | 488 | 358 | 690 | 406 | **356** |
| **C** | 315 | 305 | 295 | 957 | 796 | 663 | 927 | 771 | 1002 | 1248 | 1007 | 768 | 928 | 830 | 1104 | 629 | 1433 | 807 | **825** |
| **D** | 295 | 294 | 289 | 934 | 816 | 660 | 842 | 751 | 931 | 1280 | 952 | 733 | 991 | 929 | 1149 | 658 | 1402 | 829 | **845** |
| **E** | 197 | 190 | 184 | 627 | 634 | 488 | 560 | 526 | 631 | 738 | 652 | 507 | 567 | 630 | 709 | 533 | 989 | 593 | **537** |

| Ár: | $Q_s$ ($m^3s^{-1}$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | **12** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A** | 22 | 25 | 19 | 21 | 20 | 27 | 30 | 27 | 20 | 23 | 24 | 28 | 20 | 38 | 22 | **20** |
| **B** | 25 | 33 | 25 | 29 | 27 | 35 | 40 | 35 | 27 | 30 | 32 | 37 | 27 | 52 | 31 | **27** |
| **C** | 72 | 60 | 50 | 70 | 58 | 76 | 94 | 76 | 58 | 70 | 63 | 84 | 48 | 108 | 61 | **62** |
| **D** | 71 | 62 | 50 | 64 | 57 | 70 | 97 | 72 | 55 | 75 | 70 | 87 | 50 | 106 | 63 | **64** |
| **E** | 47 | 48 | 37 | 42 | 40 | 48 | 56 | 49 | 38 | 43 | 48 | 54 | 40 | 75 | 45 | **41** |

| Ár: | $Q_a$ ($m^3s^{-1}$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | **12** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A** | 9,0 | 10,3 | 7,9 | 8,8 | 8,5 | 11,1 | 12,4 | 11,3 | 8,3 | 9,5 | 9,9 | 11,6 | 8,6 | 15,7 | 9,3 | **8,2** |
| **B** | 10,3 | 13,8 | 10,5 | 12,0 | 11,3 | 14,5 | 16,7 | 14,8 | 11,2 | 12,5 | 13,5 | 15,5 | 11,4 | 21,9 | 12,9 | **11,3** |
| **C** | 30,3 | 25,2 | 21,0 | 29,4 | 24,4 | 31,8 | 39,6 | 31,9 | 24,3 | 29,4 | 26,3 | 35,0 | 19,9 | 45,4 | 25,6 | **26,2** |
| **D** | 29,6 | 25,9 | 20,9 | 26,7 | 23,8 | 29,5 | 40,6 | 30,2 | 23,2 | 31,4 | 29,4 | 36,4 | 20,9 | 44,5 | 26,3 | **26,8** |
| **E** | 19,9 | 20,1 | 15,5 | 17,8 | 16,7 | 20,0 | 23,4 | 20,7 | 16,1 | 18,0 | 20,0 | 22,5 | 16,9 | 31,4 | 18,8 | **17,0** |

| Ár: | $q_s$ ($ls^{-1}km^{-2}$) 97 | 98 | 99 | 00 | 01 | 02 | 03 | 04 | 05 | 06 | 07 | 08 | 09 | 10 | 11 | **12** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A** | 90 | 103 | 79 | 88 | 85 | 111 | 124 | 113 | 83 | 95 | 105 | 123 | 91 | 167 | 103 | **90** |
| **B** | 71 | 94 | 72 | 82 | 78 | 99 | 114 | 102 | 76 | 86 | 97 | 111 | 82 | 157 | 95 | **84** |
| **C** | 96 | 80 | 67 | 93 | 78 | 101 | 126 | 101 | 77 | 93 | 86 | 114 | 65 | 149 | 87 | **89** |
| **D** | 100 | 88 | 71 | 91 | 81 | 100 | 138 | 102 | 79 | 106 | 100 | 124 | 71 | 151 | 91 | **93** |
| **E** | 101 | 102 | 79 | 90 | 85 | 102 | 119 | 105 | 82 | 91 | 105 | 118 | 89 | 165 | 102 | **92** |

***A***: Þingvallavatn-I; ***B***: Þingvallavatn-II, ***C***:Hvítá í Borgarfirði, ***D***: Hvítárvatn, Hvítá, ***E:*** Hagavatn, Sandvatn.
A: Flatarmál vatnasviðs undir jökli
$\Sigma Q_s$: heildarafrennsli leysingavatns
$Q_s$: meðalrennsli (maí-september, 5 mánuðir)
$Q_a$: meðalrennsli (12 mánuðir)
$q_s$: meðalafrennsli á flatareiningu jökuls (12 mánuðir)
(ath: flatarmál vatnsviða árið 2012 eru unnin eftir hæðarkorti af Langjökli fyrir árið 2012)

## 5. Hraðamælingar.




*11. mynd. Þversnið niður miðjan Hagafellsjökul vestari (yfirborð 1997, punktar sýna yfirborðshæð 2010) og mældur yfirborðshraði á því sniði sumurin 1997, 1998, 1999, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004, 2005, 2006, 2007, 2008, 2009, 2010, 2011, 2012 og haustið 1998.*

Yfirborðshreyfing jökulsins var mæld í öllum afkomumæli-punktum, með nákvæmri GPS staðsetningu stika að vori og hausti. Þessar mælingar eru gerðar til að kanna flutning fyrninga frá ákomusvæði til leysingasvæðis. Ef jökullinn er í jafnvægi flyst jafnmikið niður á leysingasvæðin og safnast á ákomusvæðin og hraðinn sem til þarf kallast jafnvægishraði. Með samanburði mælds yfirborðshraða og reiknaðs jafnvægis-hraða sést hvort jökullinn hreyfist nægilega hratt til að bera fram afkomu sem á hann safnast. Ef jafnvægishraðinn er hærri en mældur hraði safnast fyrningar á ákomusvæði, jökullinn verður æ brattari og stefnir í framhlaup.
Á 11. mynd sést hvernig hraði hefur breyst




*12. mynd. Meðaltal lárétts yfirborðshraða sumarið 2012.*

á Vestari Hagafellsjökli frá sumrinu 1997 til sumarsins 2012. Lárétti hraðinn er nú svipaður og síðustu ár. Á 12. mynd eru sýndir hraðavigrar í öllum mælistikum. Engar vísbendingar eru um að framhlaup sé í aðsigi á skriðjöklum Langjökuls. Hnit allra hraðamælipunkta eru sýnd í viðauka C og hraði í viðauka D.

## 6. Lokaorð.

Afkoma Langjökuls á jökulárinu 2011-2012 var neikvæð um 0.47 m (vatnsgildi, jafndreift yfir allan jökulinn; ~880 $km^2$). Rýrnun þessa árs er þó aðeins 40% þess sem verið hefur að meðatali mælitímabilið (frá 1996-97). Afkoma Langjökuls hefur verið neikvæð öll þau 16 ár sem hún hefur verið mæld, samtals um 22.8 m að vatnsgildi jafndreift yfir jökulinn eða ísþynning um 25.3 m. Á þessu 16 ára tímabili hefur Langjökull tapað um 11.5 % rúmmáls síns.
Vetrarafkoman mældist 2.34 m sem er um 35% yfir meðallagi, mesti vetrarsnjór sem mælst hefur. Þrátt fyrir þykkan vetrarsnjóinn varð sumarleysing um 96% af meðaltali mælitímabilsins (2.9 m). Sumarleysing varð meiri en ella um allan jökulsinn vegna öskuslikju, sem barst inn yfir jökulinn úr öskuflákum á suður og suðausturlandi (aska úr Eyjafjallajökulsgosinu 2010 og Grímsvatnagosinu 2011). Sumarið var líka sólríkt á Langjökli og lofthiti sumars nærri meðallagi mælitímans.
Þetta ár voru fyrningar eftir jökulárið á um 44 % yfirborðsins; hæð jafnvægislínu suðurhluta jökulsins 1050 m en 1235 m á norðurhvelinu. Afrennsli leysingarvatns frá jöklinum var um 80 $m^3s^{-1}$ eða 91 $ls^{-1}km^{-2}$ að jafnaði yfir árið.

## Viðauki A : Afkoma í mælipunktum 2011-2012.

**$b_w$:** vetrarafkoma, **$b_s$**: sumarafkoma, **$b_n$**: ársafkoma.

| Mæli-stika | Staðsetning Breidd | | Lengd | | Hæð (m y.s.) | Dags. að vori | Dags. að hausti | $b_w$ (mm) | $b_s$ (mm) | $b_n$ (mm) | nýsnjór að hausti (mm) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L01 | 64 | 30,637 | 20 | 27,473 | 549 | 120425 | 121001 | 648 | -6690 | -6042 | 0 |
| L02 | 64 | 31,863 | 20 | 25,899 | 751 | 120425 | 121001 | 1358 | -4175 | -2817 | 18 |
| L03 | 64 | 33,024 | 20 | 24,428 | 881 | 120425 | 121001 | 1867 | -3109 | -1242 | 112 |
| L04 | 64 | 34,169 | 20 | 23,410 | 985 | 120425 | 121001 | 2317 | -3136 | -819 | 116 |
| L05 | 64 | 35,690 | 20 | 22,474 | 1103 | 120425 | 121001 | 2832 | -2118 | 714 | 273 |
| L06 | 64 | 36,589 | 20 | 18,007 | 1196 | 120425 | 121001 | 3511 | -1879 | 1632 | 102 |
| L07 | 64 | 38,772 | 20 | 15,790 | 1283 | 120426 | 121002 | 3553 | -1629 | 1924 | 168 |
| L08 | 64 | 40,523 | 20 | 16,012 | 1408 | 120426 | 121001 | 2266 | -2080 | 186 | 5 |
| L09 | 64 | 37,653 | 20 | 27,483 | 1377 | 120424 | 121001 | 3068 | -1886 | 1182 | 154 |
| L10 | 64 | 36,607 | 20 | 31,846 | 1133 | 120424 | 121001 | 2073 | -3105 | -1032 | 56 |
| L11 | 64 | 38,734 | 20 | 32,005 | 895 | 120624 | 121001 | 1355 | -4172 | -2817 | 0 |
| L12 | 64 | 34,537 | 20 | 2,005 | 833 | 120426 | 121001 | 1731 | -4055 | -2324 | 0 |
| L13 | 64 | 36,368 | 20 | 1,494 | 882 | 120426 | 121001 | 2127 | -3729 | -1602 | 18 |
| L14 | 64 | 39,003 | 20 | 1,211 | 1154 | 120426 | 121001 | 2993 | -2123 | 870 | 105 |
| L15 | 64 | 40,815 | 20 | 4,094 | 1184 | 120426 | 121001 | 2879 | -2102 | 777 | 210 |
| L16 | 64 | 38,523 | 20 | 10,134 | 1261 | 120426 | 121001 | 3353 | -1881 | 1472 | 308 |
| L17 | 64 | 45,002 | 19 | 59,582 | 1342 | 120426 | 121002 | 2598 | -1806 | 792 | 179 |
| L18 | 64 | 49,771 | 19 | 56,168 | 1429 | 120427 | 121002 | 3092 | -1800 | 1292 | 273 |
| L19 | 64 | 50,307 | 19 | 59,044 | 1280 | 120426 | 121002 | 2402 | -1934 | 468 | 210 |
| L20 | 64 | 50,366 | 20 | 2,858 | 982 | 120426 | 121002 | 1014 | -3768 | -2754 | 46 |
| L21 | 64 | 50,571 | 19 | 49,896 | 1149 | 120427 | 121002 | 1632 | -2757 | -1125 | 88 |
| L22 | 64 | 50,489 | 19 | 46,700 | 959 | 120427 | 121002 | 1891 | -3574 | -1683 | 56 |
| L23 | 64 | 36,502 | 20 | 6,982 | 1162 | 120426 | 121001 | 3895 | -2508 | 1387 | 123 |

Ath. Afkomutölur eru vatnsjafngildi. Grafið var niður á sumaryfirborð að hausti, og snjóþekja ofan á því ekki talin til sumars (verður með í næsta vetri). Í töflunni eru vatnsgildi nýsnævis í mælipunktum; snjórinn var ekki mjög þéttur og eðlismassi metinn 350 kg/m$^3$.

## Viðauki B : Dreifing afkomu með hæð jökulárið 2011 - 2012

ΔS : flatarmál á hverju hæðarbili, ∑ΔS: uppsafnað flatarmál ofan gefinnar hæðar, bw: vetrarafkoma, bs: sumarafkoma. bn: ársafkoma, $\Delta B_w$ : vetrarafkoma á hæðarbili, $\sum\Delta B_w$: uppsöfnuð vetarafkoma ofan hæðarbils, $\Delta B_s$: sumarafkoma á hæðarbili, $\sum\Delta B_s$: uppsöfnuð sumarafkoma ofan hæðarbils, $\Delta B_n$: ársafkoma á hæðarbili, $\sum B_n$: uppsöfnuð ársafkoma ofan hæðarbils. ( Til grundvallar er stafrænt kort af yfirborði sumarsins 2012).

| Hæðarbil ( m y. s.) | | | ΔS ($km^2$) | ∑ΔS ($km^2$) | bw (mm) | bs (mm) | bn (mm) | $\Delta B_w$ ($10^6m^3$) | $\sum\Delta B_w$ ($10^6m^3$) | $\Delta B_s$ ($10^6m^3$) | $\sum\Delta B_s$ ($10^6m^3$) | $\Delta B_n$ ($10^6m^3$) | $\sum B_n$ ($10^6m^3$) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 1425 | 5,0 | 5,0 | 2959 | -1775 | 1184 | 14,7 | 14,7 | -8,8 | -8,8 | 5,9 | 5,9 |
| 1350 | 1400 | 1375 | 24,0 | 29,0 | 2761 | -1830 | 930 | 66,1 | 80,8 | -43,8 | -52,6 | 22,3 | 28,2 |
| 1300 | 1350 | 1325 | 51,6 | 80,6 | 2802 | -1888 | 914 | 144,6 | 225,4 | -97,4 | -150,1 | 47,2 | 75,3 |
| 1250 | 1300 | 1275 | 72,5 | 153,1 | 2854 | -1961 | 892 | 206,8 | 432,2 | -142 | -292,2 | 64,6 | 140 |
| 1200 | 1250 | 1225 | 94,3 | 247,4 | 2994 | -2075 | 918 | 282,3 | 714,5 | -196 | -487,9 | 86,6 | 226,6 |
| 1150 | 1200 | 1175 | 101,9 | 349,3 | 2767 | -2298 | 469 | 282,1 | 996,6 | -234 | -722,2 | 47,8 | 274,4 |
| 1100 | 1150 | 1125 | 99,8 | 449,1 | 2561 | -2543 | 17 | 255,6 | 1252,2 | -254 | -976,1 | 1,7 | 276,2 |
| 1050 | 1100 | 1075 | 87,3 | 536,4 | 2323 | -2820 | -497 | 202,8 | 1455,1 | -246 | -1222,3 | -43,4 | 232,8 |
| 1000 | 1050 | 1025 | 79,7 | 616,1 | 2204 | -3074 | -869 | 175,7 | 1630,8 | -245 | -1467,4 | -69,3 | 163,4 |
| 950 | 1000 | 975 | 56,8 | 672,9 | 2022 | -3326 | -1304 | 114,8 | 1745,6 | -189 | -1656,2 | -74 | 89,4 |
| 900 | 950 | 925 | 49,0 | 721,9 | 1864 | -3535 | -1670 | 91,3 | 1836,9 | -173 | -1829,3 | -81,8 | 7,6 |
| 850 | 900 | 875 | 42,1 | 764,0 | 1732 | -3747 | -2015 | 73 | 1909,9 | -158 | -1987,2 | -84,9 | -77,3 |
| 800 | 850 | 825 | 30,9 | 794,9 | 1512 | -3944 | -2432 | 46,7 | 1956,5 | -122 | -2108,9 | -75 | -152,4 |
| 750 | 800 | 775 | 25,6 | 820,5 | 1338 | -4175 | -2837 | 34,3 | 1990,9 | -107 | -2216 | -72,7 | -225,1 |
| 700 | 750 | 725 | 20,2 | 840,7 | 1175 | -4582 | -3407 | 23,7 | 2014,6 | -92,5 | -2308,5 | -68,8 | -293,9 |
| 650 | 700 | 675 | 12,5 | 853,2 | 1006 | -5110 | -4104 | 12,6 | 2027,2 | -64 | -2372,5 | -51,4 | -345,3 |
| 600 | 650 | 625 | 8,4 | 861,6 | 880 | -5774 | -4894 | 7,4 | 2034,6 | -48,4 | -2421 | -41,1 | -386,4 |
| 550 | 600 | 575 | 6,9 | 868,5 | 739 | -6321 | -5581 | 5,1 | 2039,6 | -43,3 | -2464,3 | -38,2 | -424,6 |
| 500 | 550 | 525 | 4,8 | 873,3 | 630 | -6734 | -6104 | 3 | 2042,6 | -32 | -2496,3 | -29 | -453,6 |
| 450 | 500 | 475 | 2,2 | 875,5 | 564 | -7012 | -6448 | 1,3 | 2043,9 | -15,8 | -2512,1 | -14,5 | -468,1 |
| 400 | 450 | 425 | 0,5 | 876,0 | 501 | -7276 | -6774 | 0,3 | 2044,2 | -4 | -2516,1 | -3,7 | -471,9 |

# Viðauki C: Hnit hraðamælipunkta 2012

Mæld staðsetning mælistika á Langjökli 2012, GPS mælingar. Nákvæmni er áætluð um 5 cm fyrir mælingar merktar K og FS (Kinematic eða faststatic GPS). $h_l$ er hæð yfir ellipsóíðu (ISNET-93, NKG96 Geoíða), ΔL loftnetshæð og N áætlaður mismunur ellipsóíðu og geóíðuhæðar, ($H=h_l-N-\Delta L$).

| Stika | Dags. | | | Dagur árs | Ár | Breiddar- gráða | | Lengdar- gráða | | $h_l$ (m y. e.) | ΔL (m) | N (m) | H (m y. s.) | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L01p | 17,2 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 30,6368 | 20 | 27,4735 | 608,22 | 0 | -67,1 | 541,16 | K |
| L02p | 14,7 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 31,8635 | 20 | 25,8992 | 817,91 | 0 | -67,1 | 750,8 | K |
| L02p | 16,5 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 31,8586 | 20 | 25,9031 | 811,41 | 0 | -67,1 | 744,29 | K |
| L03p | 14,2 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 33,0242 | 20 | 24,4282 | 948,58 | 0 | -67,2 | 881,41 | K |
| L03p | 16,1 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 33,0144 | 20 | 24,4376 | 942,44 | -0,32 | -67,2 | 874,95 | K |
| L04p | 12,8 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 34,1687 | 20 | 23,4104 | 1052,2 | 0 | -67,2 | 984,94 | K |
| L04p | 15,8 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 34,1562 | 20 | 23,426 | 1046,7 | -0,33 | -67,2 | 979,19 | K |
| L05p | 11 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 35,6903 | 20 | 22,4736 | 1170 | 0 | -67,3 | 1102,79 | K |
| L05p | 16,8 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 35,6809 | 20 | 22,4816 | 1164,1 | 0 | -67,3 | 1096,87 | K |
| L06p | 20,4 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 36,5888 | 20 | 18,0065 | 1262,9 | 0 | -67,3 | 1195,66 | K |
| L06p | 16,3 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 36,5844 | 20 | 18,011 | 1258,4 | 0 | -67,3 | 1191,17 | K |
| L07p | 9,66 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 38,7722 | 20 | 15,79 | 1349,9 | 0 | -67,3 | 1282,63 | K |
| L07p | 10,1 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 38,7688 | 20 | 15,7887 | 1345,1 | 0 | -67,3 | 1277,85 | K |
| L08p | 10,4 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 40,523 | 20 | 16,0116 | 1474,8 | 0 | -67,3 | 1407,5 | K |
| L08p | 21,4 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 40,523 | 20 | 16,0116 | 1470,2 | 0 | -67,3 | 1402,9 | K |
| L09p | 21,1 | 24 | 4 | 115 | 2012 | 64 | 37,6526 | 20 | 27,4828 | 1444,4 | 0 | -67,2 | 1377,11 | K |
| L09p | 19,4 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 37,6528 | 20 | 27,4833 | 1439,8 | 0 | -67,2 | 1372,57 | K |
| L10p | 20,1 | 24 | 4 | 115 | 2012 | 64 | 36,6071 | 20 | 31,8465 | 1200,2 | 0 | -67,2 | 1133,04 | K |
| L10p | 20,1 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 36,6067 | 20 | 31,8455 | 1194,7 | 0 | -67,2 | 1127,54 | K |
| L11p | 19 | 24 | 4 | 115 | 2012 | 64 | 38,7343 | 20 | 32,0048 | 962,07 | 0 | -67,1 | 894,94 | K |
| L11p | 19,9 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 38,7349 | 20 | 32,0081 | 956,32 | 0 | -67,1 | 889,19 | K |
| L12o | 12 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 34,5344 | 20 | 2,00228 | 893,98 | 0 | -67,2 | 826,82 | K |
| L12p | 15,6 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 34,5369 | 20 | 2,00548 | 899,89 | 0 | -67,2 | 832,73 | K |
| L12p | 12,3 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 34,5355 | 20 | 2,00208 | 893,54 | 0 | -67,2 | 826,38 | K |
| L13p | 15 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 36,3675 | 20 | 1,49444 | 949,32 | 0 | -67,2 | 882,12 | K |
| L13p | 12,9 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 36,3622 | 20 | 1,48247 | 943,89 | 0 | -67,2 | 876,7 | K |
| L14p | 13,3 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 39,0034 | 20 | 1,21089 | 1221,5 | 0 | -67,2 | 1154,27 | K |
| L14p | 14,8 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 39,0035 | 20 | 1,21016 | 1216,9 | -0,3 | -67,2 | 1149,33 | K |
| L15p | 17,4 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 40,8153 | 20 | 4,0942 | 1251 | 0 | -67,3 | 1183,72 | K |
| L15p | 14,6 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 40,8159 | 20 | 4,09162 | 1246,7 | -0,25 | -67,3 | 1179,16 | K |
| L16p | 10,6 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 38,5228 | 20 | 10,1344 | 1328,7 | 0 | -67,3 | 1261,4 | K |
| L16p | 15,7 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 38,5224 | 20 | 10,133 | 1323,5 | 0 | -67,3 | 1256,22 | K |
| L17p | 18,5 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 45,0018 | 19 | 59,5823 | 1408,8 | 0 | -67,3 | 1341,58 | K |
| L17p | 14,3 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 45,0015 | 19 | 59,5835 | 1404,3 | 0 | -67,3 | 1337,05 | K |
| L18p | 10,7 | 27 | 4 | 118 | 2012 | 64 | 49,7708 | 19 | 56,1678 | 1496,7 | 0 | -67,3 | 1429,44 | K |
| L18p | 12 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 49,7718 | 19 | 56,1689 | 1492,5 | -0,78 | -67,3 | 1424,48 | K |
| L19p | 20,6 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 50,3073 | 19 | 59,0443 | 1347,5 | 0 | -67,2 | 1280,24 | K |
| L19p | 12,5 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 50,3088 | 19 | 59,0506 | 1343 | -0,6 | -67,2 | 1275,18 | K |

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L20p | 20 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 50,366 | 20 | 2,85765 | 1049,4 | 0 | -67,2 | 982,23 | K |
| L20p | 12,8 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 50,3668 | 20 | 2,8613 | 1045,5 | -0,13 | -67,2 | 978,14 | K |
| L21p | 9,87 | 27 | 4 | 118 | 2012 | 64 | 50,5708 | 19 | 49,8965 | 1216,3 | 0 | -67,2 | 1149,02 | K |
| L21p | 11,7 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 50,5708 | 19 | 49,8831 | 1212,5 | -0,16 | -67,2 | 1145,13 | K |
| L22p | 9,21 | 27 | 4 | 118 | 2012 | 64 | 50,4894 | 19 | 46,7001 | 1026,3 | 0 | -67,2 | 959,07 | K |
| L22p | 11 | 2 | 10 | 276 | 2012 | 64 | 50,4889 | 19 | 46,6971 | 1021 | -0,25 | -67,2 | 953,57 | K |
| L23p | 11,5 | 26 | 4 | 117 | 2012 | 64 | 36,5018 | 20 | 6,98152 | 1229,7 | 0 | -67,3 | 1162,43 | K |
| L23p | 15,3 | 1 | 10 | 275 | 2012 | 64 | 36,499 | 20 | 6,97712 | 1224,7 | -0,35 | -67,3 | 1157,1 | K |
| Ms02a | 19,1 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 31,8007 | 20 | 23,4959 | 837,31 | 0 | -67,1 | 770,19 | K |
| MS03p | 19,5 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 32,8032 | 20 | 22,5068 | 953,1 | 0 | -67,2 | 885,94 | K |
| MS04a | 19,8 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 33,7 | 20 | 21,0063 | 1064,9 | 0 | -67,2 | 997,67 | K |
| MS06p | 13,5 | 25 | 4 | 116 | 2012 | 64 | 33,8984 | 20 | 26,9944 | 955,5 | 0 | -67,2 | 888,32 | K |

Ath.  Hæð að hausti er miðuð við sumarflöt (hausthvörf), þ.e. grafið er í gegnum nýsnjóinn og hæð mæld að hjarni/ís undir nýsnjónum.







*Lega yfirborðshæðarsniða sem mæld voru með nákvæmum (~10 cm) GPS tækjum.  Snið mæld í apríl 2012 á vinstri mynd en í október 2012 á þeirri hægri.*

# Viðauki D: Mældur láréttur yfirborðshraði á Langjökli 2012

| Stika | dags. | dagur árs | dags. | dagur árs | daga fjöldi | færsla (m) | ( °) | láréttur (cm/dag) | hraði (m/ári) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| L01p | 120425 | 116 | 121001 | 275 | 159 | 0,63 | 265 | 0,40 | 1,45 |
| L02p | 120425 | 116 | 121001 | 275 | 159 | 9,46 | 201 | 5,95 | 21,72 |
| L03p | 120425 | 116 | 121001 | 275 | 159 | 19,67 | 204 | 12,37 | 45,16 |
| L04p | 120425 | 116 | 121001 | 275 | 159 | 26,42 | 209 | 16,62 | 60,65 |
| L05p | 120425 | 116 | 121001 | 275 | 159 | 18,51 | 201 | 11,64 | 42,50 |
| L06p | 120425 | 116 | 121001 | 275 | 159 | 9,01 | 204 | 5,67 | 20,68 |
| L07p | 120426 | 117 | 121002 | 275 | 159 | 6,23 | 172 | 3,92 | 14,30 |
| L08p | 120426 | 117 | 121001 | 275 | 158 | 0,16 | 173 | 0,10 | 0,37 |
| L09p | 120424 | 115 | 121001 | 275 | 160 | 0,63 | 322 | 0,40 | 1,45 |
| L10p | 120424 | 115 | 121001 | 275 | 160 | 1,01 | 129 | 0,63 | 2,30 |
| L11p | 120424 | 115 | 121001 | 275 | 160 | 2,84 | 295 | 1,78 | 6,48 |
| L12o | 111118 | 322 | 121001 | 275 | 318 | 7,03 | 135 | 2,21 | 8,07 |
| L12p | 120426 | 117 | 121001 | 275 | 158 | 3,71 | 134 | 2,35 | 8,56 |
| L13p | 120426 | 117 | 121001 | 275 | 158 | 13,71 | 137 | 8,68 | 31,67 |
| L14p | 120426 | 117 | 121001 | 275 | 158 | 0,64 | 67 | 0,41 | 1,48 |
| L15p | 120426 | 117 | 121002 | 276 | 159 | 2,32 | 63 | 1,46 | 5,33 |
| L16p | 120426 | 117 | 121001 | 275 | 158 | 1,31 | 123 | 0,83 | 3,02 |
| L17p | 120426 | 117 | 121002 | 276 | 159 | 1,12 | 240 | 0,70 | 2,56 |
| L18p | 120427 | 118 | 121002 | 276 | 158 | 1,99 | 334 | 1,26 | 4,59 |
| L19p | 120426 | 117 | 121002 | 276 | 159 | 5,70 | 299 | 3,58 | 13,08 |
| L20p | 120426 | 117 | 121002 | 276 | 159 | 3,26 | 299 | 2,05 | 7,48 |
| L21p | 120427 | 118 | 121002 | 276 | 158 | 10,60 | 92 | 6,71 | 24,50 |
| L22p | 120427 | 118 | 121002 | 276 | 158 | 2,50 | 111 | 1,58 | 5,78 |
| L23p | 120426 | 117 | 121001 | 275 | 158 | 6,39 | 148 | 4,05 | 14,77 |

## Viðauki E: Afrennsli vegna jökulleysingar sumarið 2012:

ΔS: flatarmál á gefnu hæðarbili, $\Delta Q_s$: afrennsli á gefnu hæðarbili, $\sum Q_s$: uppsafnað afrennsli leysingarvatns af jökli ofan nefndrar hæðar. Afrennsli er metið eftir sumarafkomu, ekki er hægt að greina á þann hátt afrennsli vegna rigningar á jökulinn eða snjó sem fellur á jökulinn að sumarlagi en bráðnar jafnharðann.

**Allur Langjökull**

| Hæðarbil m y. s. | | ΔS km$^2$ | $\Delta Q_s$ ($10^6 m^3$) | $\sum Q_s$ ($10^6 m^3$) |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 5,0 | 8,8 | 8,8 |
| 1350 | 1400 | 24,0 | 43,8 | 52,6 |
| 1300 | 1350 | 51,6 | 97,4 | 150,1 |
| 1250 | 1300 | 72,5 | 142,2 | 292,2 |
| 1200 | 1250 | 94,3 | 195,7 | 487,9 |
| 1150 | 1200 | 101,9 | 234,3 | 722,2 |
| 1100 | 1150 | 99,8 | 253,9 | 976,1 |
| 1050 | 1100 | 87,3 | 246,2 | 1222,3 |
| 1000 | 1050 | 79,7 | 245 | 1467,4 |
| 950 | 1000 | 56,8 | 188,8 | 1656,2 |
| 900 | 950 | 49,0 | 173,1 | 1829,3 |
| 850 | 900 | 42,1 | 157,9 | 1987,2 |
| 800 | 850 | 30,9 | 121,7 | 2108,9 |
| 750 | 800 | 25,6 | 107,1 | 2216,0 |
| 700 | 750 | 20,2 | 92,5 | 2308,5 |
| 650 | 700 | 12,5 | 64 | 2372,5 |
| 600 | 650 | 8,4 | 48,4 | 2421,0 |
| 550 | 600 | 6,9 | 43,3 | 2464,3 |
| 500 | 550 | 4,8 | 32 | 2496,3 |
| 450 | 500 | 2,2 | 15,8 | 2512,1 |
| 400 | 450 | 0,5 | 4 | 2516,1 |

## Vatnasvið Þingvallavatns (I)

| Hæðarbil m y. s. | | $\Delta S$ km$^2$ | $\Delta Q_s$ ($10^6 m^3$) | $\sum Q_s$ ($10^6 m^3$) |
|---|---|---|---|---|
| 1350 | 1400 | 1,0 | 1,6 | 1,6 |
| 1300 | 1350 | 4,8 | 8,8 | 10,4 |
| 1250 | 1300 | 6,8 | 12,5 | 22,9 |
| 1200 | 1250 | 6,5 | 12,4 | 35,3 |
| 1150 | 1200 | 7,7 | 15,8 | 51,1 |
| 1100 | 1150 | 8,6 | 19,3 | 70,4 |
| 1050 | 1100 | 7,9 | 18,4 | 88,7 |
| 1000 | 1050 | 7,3 | 18,4 | 107,1 |
| 950 | 1000 | 6,2 | 16,9 | 124,0 |
| 900 | 950 | 6,9 | 20,6 | 144,6 |
| 850 | 900 | 6,6 | 21,8 | 166,5 |
| 800 | 850 | 5,4 | 19,5 | 185,9 |
| 750 | 800 | 5,0 | 19,5 | 205,4 |
| 700 | 750 | 4,1 | 18,4 | 223,8 |
| 650 | 700 | 2,4 | 12,9 | 236,7 |
| 600 | 650 | 1,9 | 11,1 | 247,7 |
| 550 | 600 | 1,3 | 8,2 | 255,9 |
| 500 | 550 | 0,3 | 2,2 | 258,1 |

**Vatnasvið Þingvallavatns (II)**

| Hæðarbil m y. s. | | $\Delta S$ $km^2$ | $\Delta Q_s$ $(10^6 m^3)$ | $\sum Q_s$ $(10^6 m^3)$ |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 0,0 | 0 | 0,0 |
| 1350 | 1400 | 3,0 | 5,6 | 5,7 |
| 1300 | 1350 | 11,0 | 20 | 25,7 |
| 1250 | 1300 | 13,6 | 24,1 | 49,8 |
| 1200 | 1250 | 17,3 | 31,2 | 81,0 |
| 1150 | 1200 | 13,6 | 26,8 | 107,7 |
| 1100 | 1150 | 11,8 | 25,9 | 133,6 |
| 1050 | 1100 | 9,7 | 22,4 | 156,0 |
| 1000 | 1050 | 8,7 | 21,6 | 177,7 |
| 950 | 1000 | 7,0 | 19 | 196,7 |
| 900 | 950 | 7,5 | 22,4 | 219,1 |
| 850 | 900 | 7,2 | 23,7 | 242,8 |
| 800 | 850 | 5,9 | 21,2 | 264,0 |
| 750 | 800 | 5,5 | 21,4 | 285,5 |
| 700 | 750 | 4,7 | 21 | 306,5 |
| 650 | 700 | 3,0 | 15,9 | 322,4 |
| 600 | 650 | 2,5 | 14,8 | 337,3 |
| 550 | 600 | 1,9 | 12,2 | 349,5 |
| 500 | 550 | 0,9 | 6 | 355,5 |
| 450 | 500 | 0,0 | 0,4 | 355,9 |

**Hvítá í Borgarfirði**

| Hæðarbil m y. s. | | $\Delta S$ km$^2$ | $\Delta Q_s$ ($10^6 m^3$) | $\Sigma Q_s$ ($10^6 m^3$) |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 1,9 | 3,4 | 3,4 |
| 1350 | 1400 | 12,5 | 23 | 26,4 |
| 1300 | 1350 | 26,1 | 50,1 | 76,5 |
| 1250 | 1300 | 35,4 | 72,3 | 148,8 |
| 1200 | 1250 | 35,7 | 79,6 | 228,4 |
| 1150 | 1200 | 35,6 | 89,1 | 317,5 |
| 1100 | 1150 | 33,5 | 93,5 | 410,9 |
| 1050 | 1100 | 33,1 | 102,2 | 513,1 |
| 1000 | 1050 | 24,5 | 82,8 | 595,9 |
| 950 | 1000 | 17,6 | 64,4 | 660,3 |
| 900 | 950 | 13,6 | 53,5 | 713,7 |
| 850 | 900 | 9,1 | 37,3 | 751,1 |
| 800 | 850 | 6,8 | 29,1 | 780,1 |
| 750 | 800 | 4,6 | 20,3 | 800,4 |
| 700 | 750 | 3,2 | 15,2 | 815,6 |
| 650 | 700 | 1,8 | 8,8 | 824,4 |
| 600 | 650 | 0,0 | 0,4 | 824,8 |

**Hvítárvatn, Hvítá í Árnessýslu**

| Hæðarbil m y. s. | | ΔS $km^2$ | $\Delta Q_s$ $(10^6 m^3)$ | $\Sigma Q_s$ $(10^6 m^3)$ |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 3,0 | 5,2 | 5,2 |
| 1350 | 1400 | 7,2 | 12,8 | 18,0 |
| 1300 | 1350 | 12,0 | 22,7 | 40,8 |
| 1250 | 1300 | 15,3 | 31,2 | 71,9 |
| 1200 | 1250 | 24,6 | 52,8 | 124,7 |
| 1150 | 1200 | 39,1 | 89,5 | 214,2 |
| 1100 | 1150 | 37,5 | 95,7 | 309,9 |
| 1050 | 1100 | 29,1 | 82,5 | 392,5 |
| 1000 | 1050 | 32,2 | 101 | 493,5 |
| 950 | 1000 | 22,5 | 76,4 | 569,9 |
| 900 | 950 | 19,4 | 70,3 | 640,2 |
| 850 | 900 | 17,5 | 67,9 | 708,1 |
| 800 | 850 | 10,6 | 44,3 | 752,4 |
| 750 | 800 | 7,9 | 35,4 | 787,8 |
| 700 | 750 | 5,9 | 27,9 | 815,8 |
| 650 | 700 | 2,2 | 11,5 | 827,2 |
| 600 | 650 | 1,1 | 6,5 | 833,7 |
| 550 | 600 | 1,0 | 5,9 | 839,6 |
| 500 | 550 | 0,6 | 3,9 | 843,4 |
| 450 | 500 | 0,2 | 1,1 | 844,6 |

## Hagavatn (og Sandvatn)

| Hæðarbil m y. s. | | ΔS $km^2$ | $\Delta Q_s$ $(10^6 m^3)$ | $\sum Q_s$ $(10^6 m^3)$ |
|---|---|---|---|---|
| 1400 | 1450 | 0,0 | 0,2 | 0,2 |
| 1350 | 1400 | 3,3 | 6,4 | 6,6 |
| 1300 | 1350 | 8,7 | 15,8 | 22,3 |
| 1250 | 1300 | 14,4 | 24,9 | 47,2 |
| 1200 | 1250 | 25,1 | 45,2 | 92,5 |
| 1150 | 1200 | 16,5 | 32,4 | 124,8 |
| 1100 | 1150 | 17,1 | 36,9 | 161,7 |
| 1050 | 1100 | 14,1 | 33,6 | 195,3 |
| 1000 | 1050 | 14,0 | 37,6 | 232,9 |
| 950 | 1000 | 9,9 | 28,9 | 261,8 |
| 900 | 950 | 8,8 | 27,7 | 289,6 |
| 850 | 900 | 8,8 | 30 | 319,6 |
| 800 | 850 | 7,8 | 28 | 347,6 |
| 750 | 800 | 8,0 | 31 | 378,6 |
| 700 | 750 | 6,7 | 29,8 | 408,5 |
| 650 | 700 | 5,8 | 29,7 | 438,1 |
| 600 | 650 | 5,1 | 29,5 | 467,6 |
| 550 | 600 | 4,4 | 27,9 | 495,6 |
| 500 | 550 | 3,6 | 24,5 | 520,1 |
| 450 | 500 | 1,9 | 13,2 | 533,3 |
| 400 | 450 | 0,4 | 3,3 | 536,5 |

## Viðauki F: MODIS gervihnattamyndir af Langjökli og nágrenni 2011-2012.




*Vinstri: 14. september 2012; í sumarlok, jafnvægislínu sést greinilega, næstu vikur er nær alltaf skýjað og einhver úrkoma. Hægri: 7. október 2011; nýsnjór á öllu safnsvæði Langjökuls, vetur er genginn í garð.*




*Vinstri: 24.október 2011; snjór um allan Langjökul en lítið á hálendinu. Hægri: 19. nóvember 2011; á hálendinu utan jökla hefur snjó tekið upp.*



*Vinstri: 23. janúar 2012; alhvít jörð eftir jóla og áramótahret.  Hægri: 2. apríl; snjó neðan um 400-500 m hæðar hefur leyst.*



*Vinstri: 3.maí. Snjó á hálendi hefur að mestu tekið upp.  Hægri:  28. maí; orðið nær snjólaust á hálendinu; Mýrdalsjökull orðinn öskugrár, en litbrigði ekki greinileg á Lang- og Hofsjöklum.*



*Vinstri: 9. júní. Leysing hafin á jökulsporðum, grábrúnn öskulitur greinilegur á Langjökli. Hægri: 22. júní. Enn dökknar jökulyfirborðið vegan öskufoks, og nefst á Hagafellsjkökli er farinn að sjást  jökulís, vetrasnjór þar bráðnaður. Nýsnjór á Mýrdalsjökli.*



*Vinstri: 11. júlí. Greinilega hefur leyst niður á ís (grátt) neðst á Hagfellsjöklum að um 600 m hæð. Hægri: 1. ágúst.  Á Hagfellsjökli er snjólína komin í um 800 m hæð, en allur snjórinn öskugrár.*



*Vinstri: 26. ágúst; Snjólína á Hagafellsjökli í um 1000 m. Hægri: 2. september; litlar breytingar.*



*Vinstri: 7. september; Greinilega hefur snjóað á Langjökul. Hægri: 25. september, vetur er genginn í garð.*

Þessar myndir eru ýmist úr MODIS Aqua eða MODIS Terra gervitunglunum, á sýnilega ljóssviðinu með 250 m upplausn. (Sjá t.d. http://rapidfire.sci.gsfc.nasa.gov/)

*The Moderate Resolution Imaging Spectroradiometer (MODIS) flies onboard NASA's Aqua and Terra satellites as part of the NASA-centered international Earth Observing System. Both satellites orbit the Earth from pole to pole, seeing most of the globe every day. Onboard Terra, MODIS sees the Earth during the morning, while Aqua MODIS orbits the Earth in the afternoon*.

Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavik
landsvirkjun.is
landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00



UMHVERFISMERKI
141 381
Prentað efni